



LAUFBLAÐIÐ

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands

9. árg. 2000 2. tbl. kr. 499-



Aldamótaskógar

Skógræktarfélag Íslands 70 ára

Forseti Póllands gróðursetur í Vinaskógi

ISSN 1605-5012



02

9 771605 501001

70 ÁRA AFMÆLI SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS



Skógræktarfélag Íslands hélt upp á afmæli félagsins í Stekkjargjá á Þingvöllum 27. júní, en þar var það stofnað 70 árum fyrr. Samkoman þótti takast með miklum ágætum. Meðal efnis á hátíðadagskránni var ræða formanns félagsins Magnúsar Jóhannessonar, og hátíðarræða Davíðs Oddssonar forsætisráðherra. Þá frumflutti Guðjón Sveinsson, skáld frá Breiðdalsvík, ljóðið „Skógurinn kallar“, Hamrahlíðarkórinn söng undir stjórn Þorgerðar Ingólfssdóttur, lúðrar voru þeyttir og félaginu flutt tónverkið „Græðlingur“, skógarkall fyrir sex málmblásara eftir Helga Hrafn. Að lokinni athöfn var haldið til Valhallar þar sem Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra flutti ræðu og gestir fluttu ávörp. Mynd: JGP

2)

Skógræktarfélag Íslands, landssamband skógræktarfélaganna, er 70 ára á þessu ári. Félagið var stofnað á Alþingishátíðinni á Þingvöllum þann 27. júní 1930. Aðildarfélag þess eru nú 60 talsins með yfir 7 þúsund félagsmenn. Meginmarkmið félagsins hefur frá upphafi verið að endurheimta gróðurlendi, rækta og klæða landið skógi.

Þegar félagið var stofnað voru margir þeirrar skoðunar að erfitt eða jafnvel óframkvæmanlegt væri að rækta skóg á Íslandi. Árangurinn talar sínu máli en í dag eru um 200 svæði, samtals um 20 þúsund ha, í umsjón skógræktarfélaganna, sem eru nú þegar ein vinsælustu útivistarsvæði landsins, sannkallaðir þjóðskógar.

Skógræktarfélag Íslands hefur með störfum sínum átt mikinn þátt í að móta viðhorf almennings til skógræktar á Íslandi. Félagið hefur lagt áherslu á fræðslu og upplýsingamiðlun til almennings, m.a. með öflugum útgáfustarfi, námskeiðahaldi, opnum fræðslufundum og skipulögðum gönguferðum um skóglendi.

LAUFBLAÐIÐ

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands. 9. árgangur. 2. tölublað, sumar 2000.

Skógræktarfélag Íslands er samband skógræktarféлага, sem byggja á starfi sjálfbóðaliða. Það er málsvári félaganna og hefur m.a. að markmiði að stuðla að trjá- og skógrækt, gróðurvernd og landgræðslu, auk fræðslu- og leiðbeiningastarfs. Skógræktarfélagin starfa um allt land og eru nú 60 talsins með liðlega 7000 félagsmenn, og mynda þannig ein fjölmennustu frjálsu félagasamtök landsins sem vinna að umhverfismálum. Með því að gerast félagsmaður í skógræktar-

félagi styður þú gott málefni, auk þess að tengjast lifandi félagsskap þar sem fram fer fjölbreytt félags- og fræðslustarf. Laufblaðið er sent endurgjaldslaut til allra félagsmanna í skógræktarfélagunum. Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi færð þú Laufblaðið og Frækornin send heim reglulega.

Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands, Ránargötu 18, 101 Reykjavík, sími: 551-8150.

Ritstjóri: Jón Geir Pétursson skógfræðingur, netfang: skogis.jpg@simnet.is
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Ábyrgðarmaður: Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

Prentvinnsla: Prentsmiðjan Viðey ehf.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands:
Formaður Magnús Jóhannesson, varaformaður Vignir Sveinsson, gjaldkeri Siguríður Jóhannsdóttir, ritari Björn Árnason, meðstjórnendur: Ólafía Jakobsdóttir, Sigurður Arnarson, Þorvaldur S. Þorvaldsson. Varamenn: Hólmfríður Finn- bogadóttir, Trausti Tryggvason, Þuríður Yngvadóttir.

Gefið út í 7000 eintökum.
Forsíða JGP: Á bókum Kiðár í Jafnaskarðsskógi við Hreðavatn.

Þá hefur félagið notið vaxandi skilnings og stuðnings fjölmargra aðila, sem hefur gefið félaginu aukinn styrk til að sinna umfangsmiklum verkefnum.

Þrátt fyrir að margt hafi áunnist er enn mikið starf óunnið í ræktun lands. Félagið mun á næstu árum gegna veigamiklu hlutverki í því starfi og mun leggja áherslu á að gefa almenningi tækifæri til þess að taka þátt í ræktunarstarfinu. Skógrækt mun sem fyrr snúast um það að bæta ásýnd landsins, auka landgæði og styrkja gróður- og jarðvegsvernd en auk þess er líklegt að binding kolefnis í gróðri vegna loftslagsbreytinga muni gegna stóru hlutverki í skógrækt á nýrri öld.

STÓRGJAFIR Á 70 ÁRA AFMÆLI SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍS- LANDS Á ÞINGVÖLLUM

Skógræktarfélagi Íslands bást margar stórgjafir á afmælisfundinum á Þingvöllum. Páll Samúelsson afhenti félaginu, fyrir hönd Toyota-umboðsins, að gjöf splunkunýjan Toyota Landcruiser jeppa.

Bjarni Finnsson, formaður Umhverfissjóðs verslunarinnar, afhenti félaginu 5 millj. króna úr sjóðnum, þar af 1 millj. til ráðstöfunar í Alda- mótaskógaverkefnið en 4 millj. til úthlutunar til einstakra aðildarfélaga.

Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga tilkynnti Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson formaður, að sambandið legði til kr. 250 þús. á ári í þrjú ár til stofnunar sjóðs, sem hefur það markmið að styrkja nemendur til framhaldsnáms í skógfræði. Á móti leggur Skógræktarfélag Íslands fram sömu upphæð og er unnið að því að efla þennan sjóð enn frekar.

Skógræktarfélag Íslands vill koma á framfæri kærum þökkum fyrir þessar höfðinglegu og gagnlegu gjafir til eflingar skógræktar í landinu.



Toyota-umboðið hefur átt afar farsælt samstarf við Skógræktarfélag Íslands um árabíl. Toyota-umboðið, Páll Samúelsson ehf. afhenti félaginu mikið þarfapíng á afmælinu, nýjan Toyota Landcruiser jeppa. Mynd: JGP



Umhverfissjóður verslunarinnar, sem hefur sínar tekjur af sölu á plastpokum í verslunum, hefur um árabíl verið einn helsti stuðningsaðili skógræktarfélaganna. Á afmælisfundinum úthlutaði sjóðurinn skógræktarfélagunum fimm milljónum króna. Mynd: JGP

Skógræktarfélagin starfa í náinni samvinnu við sveitarfélögin. Samband íslenskra sveitarfélaga og Skógræktarfélag Íslands innsigluðu gott samstarf með því að stuðla að stofnun sjóðs til þess að styrkja nemendur til framhaldsnáms í skógfræði. Hvor aðili leggur fram kr. 250 þús. á ári næstu 3 árin. Mynd: JGP





Lykillinn að góðu kvöldi

Friðarskógrækt í Hvammsvík

Hópur fólks úr Sri Chinmoy setrinu hefur gróðursett um 15 þúsund plöntur síðan 1998 í Hvammsvík í Hvalfirði, en ætlunin er að gróðursetja alls 27 þúsund plöntur og mun því verða lokið á næsta ári. Allar helstu tegundir sem notaðar eru í skógrækt hafa verið gróðursettar á svæðinu en svæðið er að stórum hluta til mýri þannig að tegundir sem eru fyrir rakan jarðveg hafa eingöngu verið gróðursettar á því svæði. Skógurinn sem þarna mun rísa verður tileinkaður þeim 27 þúsund friðarljóðum sem Sri Chinmoy samdi á árunum 1983-1998. Þegar lokið verður við að gróðursetja í Hvammsvík þá er ætlunin að gera fleiri friðarskóga og þá helst á óræktuðu landi þannig að landgræðsla og skógrækt fari saman. Allar ábendingar um gott land sem gróðursetja má skóg á nærri Reykjavík væru vel þegnar í síma 561-5250.

Fyrir þá sem ekki þekkja til Sri Chinmoy þá er það helst til að nefna að Sri Chinmoy er 68 ára andlegur meistari sem fluttist frá Indlandi til New York árið 1964. Hann hefur sleitulaust síðan unnið að friðarmálum með margvíslegum hætti, m.a. hefur hann skrifað yfir eitt þúsund bækur um andleg málefni, teiknað um 9 milljónir fuglamyndir, haldið ókeypis hundruð friðartónleika um allan heim og lyft 3,5 tonnum með annarri hendi.

En það var einmitt Sri Chinmoy sem bað meðlimi íslenska setursins um að planta skógi í þágu friðar sem hefur mælst vel fyrir enda mikill áhugi á skógrækt meðal allra meðlima setursins.



Hvammsvík. Mynd: Stingi

GIRÐIR
Girðingarefni framtíðarinnar

Hefur þú kynnt þér Girðir? Einstakur virðisinn og endurunnið plastið gerir Girði varanlega lausn fyrir rafgirðingar.

Girðir er fáanlegur í eftirfarandi útfærslum:

- G1** Með járnþrá sem hentar fóstum og grýttum jarðvegi.
- G2** Er allur úr plasti og hentar í mjótt jarðveg.
- G3** Þrengja milli staura.
- GH** Horn-/afstaur.

Einkidæmi nr. 1710

Virðisinn er einfaldur, traustur og einstaklega þægilegur í notkun.

Vistvæn afurð - Íslenskt hugvít

Flúðaplast ehf.
Sími: 486 6748 - Fax: 486 6594

Zinck-Lysbro
- jordens lysende

K. Þorsteinsson & Co.
Skiptuvogi 10C - Sími 5330 600

GÓÐIR GESTIR FRÁ TÍRÓL

Skógræktarfélag Íslands hefur gengist fyrir kynnisferðum fyrir skógræktarfólk til útlanda. Fyrir 2 árum gekkst Skógræktarfélag Íslands fyrir kynnisferð til Tíról í Austurríki. Var sú ferð skipulögð af skógræktarfélaginu í Tíról, *Tiroler Forstverein*, en það á aðild að austurríska skógræktarfélaginu. Slíkar ferðir eiga að stuðla að gagnkvæmum samskiptum skógræktarfólks milli landa. Núna í sumar kom síðan hingað 50 manna hópur á vegum *Tiroler Forstverein*. Ferðuðust þeir um landið í blíðskaparveðri og skoðuðu skóga og náttúru. Gekk ferðalagið í alla staði vel og var Barbara Stanzeit frá Skógræktarfélagi Garðabæjar leiðsögumaður hópsins.



Austurrísku gestirnir við Vinaskóg á Þingvöllum. Mynd: JGP



Eugen Sprenger form. *Tiroler Forstverein* og Vignir Sveinsson, varaform. Skógræktarfélags Íslands, gróðursettu í Vinaskógi á Þingvöllum. Mynd: JGP



HÁSKÓLANÁM Í SKÓGRÆKT Á ÍSLANDI

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri fer í haust af stað með nýja námsbraut til B.Sc.-gráðu í landnýtingu. Á brautinni er fjallað um skipulag landnýtingar í dreifbýli og aðferðir við nýtingu og umhirðu lítt eða óræktaðs lands, við íslenskar aðstæður. Með sviðsbundnu vali er náminu ætlað að veita grunn undir sérhæfingu á sviðum landvörslu, skógræktar og annarra úthagafræða. Boðið er upp á að ljúka námi með kandiðatsgráðu (B.Sc. 120) eftir 4 ára nám eða með áfangagráðu B.Sc. 90 eftir 3 ára nám, sú gráða er fyrst og fremst hugsuð fyrir þá sem hafa hug á frekara námi við erlenda háskóla.

Á Hvanneyri hefur verið boðið upp á kennslu á háskólastigi frá árinu 1947. Skólinn varð þó ekki formlega að háskóla fyrr en í

byrjun júlí 1999. Við þá breytingu varð heimilt að auka námsframboð skólans og verður frá og með næsta hausti boðið upp á 3 námsbrautir; áður nefnda námsbraut í landnýtingu, hina hefðbundnu námsbraut í búfræði (áður búvísindadeild) og nýja námsbraut í umhverfisskipulagi, sem ætlað er að veita grunn undir séræfingu á sviði skipulagsfræða, s.s. landslagsarkitektúr. Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri er aðili að NOVA-háskólanum, regnhlífarsamtökum Norrænu landbúnaðar- og dýralæknaháskólanna, sem meðal annars hefur það markmið að samræma námsskipulag skólanna svo nemendum sé auðveldara að færa sig á milli háskóla.

Á Hvanneyri er mjög góð aðstaða fyrir barnafólk, nýlegir nemendagarðar, leikskóli og barnaskóli í innan við 5 mín. göngufæri frá kennsluhúsnæði Landbúnaðarháskólans. Nánari upplýsingar um Landbúnaðarháskólann er að finna á vefsíðu hans, <http://www.hvanneyri.is>.

Fríðrik Aspelund



Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, Borgarfirði.



STEYPUMÓT FYRIR SUMARBÚSTAÐI



- Steypumót undir sólpallinn og sumarbústaðinn
- Smíðum eftir máli
- Fljót og góð afgreiðsla

HAGBLIKK ehf.
Smíðjuvegi 4c 200 Kópavogur
Sími 587 2202 Fax 587 2203

Auðgönguvegur 14015



TOYOTA



Almenna verkfræðistofan hf.
Fellamúla 26 - 108 Reykjavík
Sími: 555 8100 - Fax: 555 8101
ev@almenna.is - www.almenna.is



Samiðn

PRENTSMÍÐJAN
VIÐEY ehf.

VSÓ

ora



blómaveal
KARLSSON & SÖLVA



TRÉSMÍÐJA
ÞRÁINS E. GÍSLASONAR SM.
Vesturgötu 14 • Akranesi
Sími: 430 3660 • Farsími: 893 8975
Brefsími: 430 3666



H R E I N T L O F T



H R E I N T V A T N



H R E I N J Ö R Ð



Búnaðarbankinn er stoltur af því að leggja þeim lið sem hafa frumkvæði að því að skila hreinni og heilbrigðri íslenskrí náttúru í hendur komandi kynslóða. Landgræðslan, Skógræktarfélag Íslands, Gróður í Landnámi Ingólfs og Bernskuskógar eru meðal þeirra aðila sem hafa lyft grettistaki í umhverfismálum með aðstoð Búnaðarbankans.

NÝSTOFNUÐ SKÓGRÆKTARFÉLÖG

Á þessu ári hafa tvö ný skógræktarfélag verið stofnuð. Skógræktarfélag Vestmannaeyja var vakið upp af værum blundi, en þar var starfandi skógræktarfélag frá 1931 og fram á fimmta áratuginn. Stofnfundur var haldinn 16. mars s.l. og eru stofnfélagar um 50. Kosin var fimm manna stjórn og til formennsku valdist Kristján Bjarnason, garðyrkjustjóri Vestmannaeyjabæjar. Mikill hugur er í félagsmönnum og hefur félagið fengið úthlutað landi í nýja hrauninu ofan við miðbæinn. Svæðið er nefnt Hraunskógur og hófust Vestmannaeyingar handa við gróðursetningu 25. apríl s.l. Þá hefur verið gróðursett á þriðjudagskvöldum í júní. Þegar þetta er skrifað er búið að gróðursetja tíu þúsund lúpínur og um tvö þúsund trjáplöntur í úfið hraunið. Leggja þarf verulega vinnu í jarðvegsbætur fyrir gróðursetningu trjáplantna við þessar aðstæður. Skógræktarfélagið Lurkur var stofnað á Bakkafirði í góubyrjun. Stofnfundur var hald-



Frá gróðursetningu í Hraunskógi 25. apríl s.l.

inn 26. febrúar og er fjöldi stofnfélaga fimmtíu, sem verður að teljast gott í hundrað og fimmtíu manna byggðarlagi. Kjörin var 5 manna stjórn og til formennsku valdist Áki Guðmundsson skipstjóri. Félagið hefur fengið úthlutað landi ofan við þorpið. Haldið var gróðursetninganámskeið um hvítasunnuhelgina í

samstarfi við Skógræktarfélag Íslands. Félagið hefur staðið fyrir gróðursetningakvöldum einu sinni í viku í sumar.

Einar Gunnarsson
skógræktarfræðingur
Skógræktarfélag Íslands

ALLT Í GARÐINN

og garðvinnuna





Vantar þig gróðurmold, fræ, áburð, blómipotta, verkfæri, styttnur og skraut í garðinn eða eitthvað annað sem snýr að garðyrkju, blóma- eða trjárekti? Hjá **FRJÓ** færðu mikið úrval af allskonar vörum til garðyrkjustarfa, á frábæru verði.

Við höfum allt sem þú þarft til að prýða garðinn þinn!



FRJÓ

stb.

STÓRHÖFÐA 35, 112 REYKJAVÍK
SÍMI 567 7860, FAX 567 7863

Gróðrarstöðin Réttarhóll

Svalbarðseyri Sími: 461-1660 & 899 8352
Veffang: <http://www.est.is/gr/>





- Tré og runnar,
- fjölær blóm,
- flestar tegundir sumarblóma,
- pottablóm,
- skógarplöntur í bökkum,
- Lánun gróðursetningaráhöld

Opiló alla virka daga frá kl.13-22 og laugardaga og sunnudaga frá kl.10 - 18

GÆÐAMOLD Í GARÐINN

Grjóthreinsuð mold, blönduð áburði, skeljaskalki og sandi. Þú sækir eða við sendum. Afgreiðsla á gömlu sorphaugunum í Gufunesi.



GÆÐAMOLD

MÖLDARBLANDAN – GÆÐAMOLD HF.
Pöntunarsími 567 4988

NÝBÚAR Í ÍSLENSKRI TRJÁFLÓRU

Þekkt landnám innfluttra trjátegunda

Tegund	Fyrst skráð	Dæmi um fundarstað	Á hve mörgum stöðum finnst sjálfsáningar
1. Gráölur	1998	Mörk, Hallormsstað	1
2. Grænölur	1997	Skógey (Hveragerði?)	1 (2?)
3. Gráreyrnir	?	Garðar í Rvk & nágrenni	mörgum
4. Silfurreyrnir	?	Garðar í Rvk & nágrenni	mörgum
5. Úlfareyrnir	?	Garðar í Rvk & nágrenni	?
6. Koparreyrnir	?	Garðar í Rvk & nágrenni	?
Áður skráð landnám			
1- Barrtré:			
7. Fjallafura	fyrir 1960?	Þingvellir	3+
8. Broddfura	1977	Húsmæðraskólinn, Hallormsstað	1
9. Lindifura	1978	Mörkin, Hallormsstað	2
10. Stafafura	1976	Atlavíkurstekkur, Hallormsstað	10+
11. Skógarfura	1990	Vaðlareitur í Eyjafirði	2-37
12. Sitkagreni	1970?	Múlakot í Fljótshlíð	6+7
13. Blágreni	1983	Mörkin, Hallormsstað	1
14. Rauðgreni?	1977	Mörkin, Hallormsstað	1
15. Rússalerki	1966	Guttormslundur, Hallormsstað	1-2
16. Síberíulerki	1978-79	Vaðlareitur í Eyjafirði	3-4
17. Fjallapínur	1994	Mörkin, Hallormsstað	1
11- Lauftré:			
18. Garðahlynur	1948?	Reykjavík	?
19. Viðja	?	Reykjavík o.fl.	mýmörg
20. Selja	?	Mógilsá, Kjalarnesi	?
21. Alaskaösp	1984?	Laugarás; Hvammur í Skorrad., Rvk	2+
22. Heggur	f.1980	Akureyri	1?
23. Sitkaelri	1995-6	Hveragerði, Skógey, Hornafirði	2
24. Alaskaviðir	?	Mógilsá, Lækur, Rvk o.fl.	5+



Sjálfsáin alaskaösp í vegkanti sunnan Hafnarfjarðar. Mynd JGP

MEIRA UM NÝBÚA Í ÍSLENSKRI TRJÁFLÓRU

Í 2. tbl. 6.árg. Laufblaðs, 1997 var fjallað um landnám innfluttra trjátegunda í íslenskri náttúru. Undirritaður skráði 17 tegundir sem hann hafði vitneskju um að hafa numið land, 11 barrviði og 6 lauftré.

Varla var greinin komin í prent þegar undirritaður rakst sjálfur á sjálfsáinn silfurreyrni í brekkunni ofan við Múlakot. Þá kom einnig upp í hugann að sjálfsánnar plöntur af silfurreyrni hafa fundist á Þingvöllum og Grund og eins var mér bent á sjálfsáinn grá- og grænöl.

Hvað varðar fjallapín, þá fann undirritaður 7 litlar fræplöntur í febrúar 1998 í námunda við trén gróðursett 1937 í Efstu-Mörk á Hallormsstað. Plönturnar voru 3 - 5 ára og 5 - 10 cm að hæð og uxu í hálfskugga við stubba af felldum trjám. Vitað er að töluvert fræfall var af fjallapíninum haustið 1993 og líklegt að plönturnar sé frá þessum tíma. Fræsýni sent Mógilsá spíraði hins vegar ekki.

Með þessum nýliðum hafa nú fundist sjálfsánnar plöntur 24 innfluttra trjátegunda. Athyglisvert er að flestir nýbúanna hafa fundist: (1) eingöngu í friðuðu landi (frá beit húsdýra) og (2) þar sem gróður er gisinn. Undantekning er að sitkagreni fannst utan girðingar á Reynivöllum í Suðursveit og að bæði reyniviður (og kannski aðrar tegundir af þessari ættkvísl) og lindifura virðast geta vaxið upp frá fræi gegnum samfellda gróðurþekju.

Ef lesendum er kunnugt um aðrar trjátegundir en hér eru skráðar, væri mikill fengur í að fá upplýsingar um það.

Þórarinn Benediktz skógræðingur,
Rannsóknastöð skógræktar, Mógilsá



GRINDAVÍKURBÆR



Ferðaskrifstofa Austurlands

Sími 471 2000 - Fax 471 2414



Umhverfi og menning – fjársjóður komandi kynslóða

Það eru mikil forréttindi að búa í landi þar sem ósnortin náttúra og fjölbreytt menning lifa góðu lífi. Við verðum að standa saman um þessar miklu auðlindir okkar og hlúa vel að þeim. Olís hefur alla tíð lagt ríka áherslu á stuðning við náttúruvernd og menningarstarfsemi hverskonar. Nægir að nefna herferðina „Græðum landið með Olís“ þar sem landsmenn tóku virkan þátt í landgræðslustarfi, stuðning við lífræna ræktun og íþrótt- og unglingastarf um land allt. Olís er mættarstólpi Reykjavíkur, menningarborgar Evrópu árið 2000. Olís gerir sér grein fyrir að stuðningur í dag skilar sér í betri og bjartari framtíð fyrir komandi kynslóðir.



Aldamó

- skógræktargjöf

Skógræktarfélag Íslands, aðildarfélög þess

Gróðursettir verða alls
fimm stöðum á landinu í tilefni
dagana 18.

Ein planta fyrir hver



Skógræktarfélag Íslands
fyrirtælgum og stofnumum þ



SKÓGRÆKT
RÍKISINS



BÚNAÐAR
-Bankinn



Landgræðsla



Síðastliðið haust ákvað stjórn Skógræktarfélags Íslands að 70 ára afmælis félagsins skyldi minnst með verðugum hætti. Félagið hefur um nokkurt skeið markað afmæli félagsins og má í því sambandi nefna Ár trésins 1980 og árið 1990 þegar Átak um Landgræðsluskóga hófst.

Fljótlega var horft til tveggja viðburða sem kæmu til með að rísa hæst á afmælisárinu að þessu sinni, fyrir utan hefðbundna viðburði eins og t.d. aðalfund félagsins. Í fyrsta lagi hátíðar-samkomu á Þingvöllum á afmælisdegi félagsins 27. júní þar sem öllum formönnum aðildar-félaganna var sérstaklega boðið ásamt velunn-urum Skógræktarfélags Íslands. Í öðru lagi

Alda-mótaskógar sem væru táknræn gjöf til ís-lensku þjóðarinnar en jafnframt minnisvarði um mikilvægt starf fornfúsra handa.

Aldamótaskóga-hugmyndin, ein gróðursett planta fyrir hvert mannsbarn á Íslandi, fékk byr undir báða vængi þegar Búnaðarbankinn ákvað að styrkja verkefnið með framlagi sem gerði Skógræktarfélagi Íslands kleift að kaupa tilsettan fjölda trjáplantna.

Rausnarlegt framlag frá Umhverfissjóði verslunarinnar hefur einnig styrkt verkefnið. Þá hefur Landgræðsla ríkisins kostað kortavinnu

taskógar

til þjóðarinnar –

og Búnaðarbanki Íslands hf færa þjóðinni gjöf.

80 þúsund trjáplöntur á
til 70 ára afmælis félagsins,
20. ágúst.

núllfandi Íslendingi



Steinsstaðir í Skagafirði

Heydalir í Breiðdal

Borgarfirði

staðir við
svöllum

alldar öllum einstaklingum,
er staðning á liðnum árum.

ARBANKINN
stur banki



Egils

í ríkisins



vegna skipulagningar og Vegagerð ríkisins
hefur kostað girðingar og friðun þeirra svæða,
þar sem nauðsyn bar til.

Með ræktun Aldamótaskóga er hugmyndin
að almenningi verði gefinn kostur á að taka
þátt í ræktun skóga á fimm stöðum á landinu,
sem í framtíðinni verði útivistarsvæði, öllum
opin. Gróðursetningin verður unnin af
sjálfbóðaliðum.

Aldamótaskógarnir eru á eftirtöldum
svæðum:

1) Vestfirðir, Barðaströnd vestan Kleifaheiðar.

- 5) Land Holts, Fitja, Skriðnafells og Hreggstaða.
2) Austfirðir, Land úr Heydölum í Breiðdal.
3) Vesturland, Reykholt í Borgarfirði.
4) Suðurland, Gaddstaðir við Helli í Rangár-
vallasýslu.
5) Norðurland, Steinsstaðir í Skagafirði.

Í framtíðinni er markmiðið að þessi fimm
svæði verði þekkt sem útivistarsvæði almenn-
ings og verður unnið að merkingu og kynningu
þeirra, þegar skógurinn vex, í samstarfi við
styrktaraðila.



Meðal gesta á hátíðardagskránni var Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra, sem er hér í góðum hópi gesta og heimamanna í Kjarnaskógi sem skartaði sínu fegursta í vorblíðunni. Mynd: BJ


70 ára afmæli Skógræktarfé- lags Eyfirðinga

Skógræktarfélag Eyfirðinga, eitt elsta skógræktarfélag á landinu, hélt upp á 70 ára afmæli sitt í maí sl. en það var stofnað þann 11. maí 1930. Aðal-hvatamaður að stofnun félagsins og fyrsti formaður þess var Jón Rögnvaldsson, garðyrkjumaður. Jón var þá nýkominn frá Kanada þar sem hann hafði öðlast þekkingu og reynslu í skógrækt en hann rak síðar gróðrarstöð í bænum um alllangt skeið. Í tilefni afmælisins var haldin ráðstefna 13. maí í Oddfellowhúsinu í hinu fallegasta hátíðarveðri. Heiti hennar var: Ásýnd Eyjafjarðar - skógar að fornu og nýju. Þar ávarpaði Guðni Ágústsson

Vignir Sveinsson form Sk. Eyfirðinga afhendir tveim kempum viðurkenningar: Oddi Gunnarssyni t.v. og Ingólfi Ármannssyni fyrir miðju.
Mynd: BJ

son landbúnaðarráðherra ráðstefnuna þar sem hann lagði áherslu á mikilvægt starf Skógræktarfélags Eyfirðinga en auk þess fluttu m.a. Páll Skúlason heimspekingur, Árni Ólafsson skipulagsstjóri á Akureyri ásamt Presti Eysteinsyni áhugaverð og góð erindi.

Að lokum heiðraði félagið tvo ótula skógræktarforkólfa, þá Ingólf Ármannsson og Odd Gunnarsson en einnig veitti félagið tveim fyrir- tækjum viðurkenningu fyrir áhuga þeirra og stuðning við skógræktarmál, þ.e.a.s. Lands- virkjun ásamt Hita- og vatnsveitu Akureyrar.



Reykjanesbær



RÁÐSTEFNA Á SUÐURNESJUM

Skóg- og trjárækt við sjávarsíðuna

Núna í vor gengust Skógræktarfélag Íslands og Skógræktarfélag Suðurnesja fyrir ráðstefnu í Stapa í Reykjanesbæ sem nefndist „Skóg- og trjárækt við sjávarsíðuna“.

Á ráðstefnunni var fjallað um ýmis mál sem tengjast ræktunarstarfi við sjávarsíðuna. Fyrirlesarar voru fagmenn í skógrækt, garðyrkju og landgræðslu, auk sveitarstjórnarmanna á Suðurnesjum. Ellert Eiríks-

son bæjarstjóri fjallaði um mikilvægi skóg- og trjáræktar við sjávarsíðuna, fulltrúi Landsvirkjunar gerði grein fyrir uppgæðslustarfi fyrirtækisins og Kristján Pálsson alþingismaður fjallaði um hugmyndir um „Suðurnesjaskóga“. Þótti ráðstefnan takast vel og gefa fyrirheit um mikla möguleika í þá veru, að skýla og prýða bæi við sjávarsíðuna með trjám og skógi.



Stefnt er að því að gefa út hluta erindanna af þessari ráðstefnu. Í nýjasta hefti Skógræktarritsins, Ársriti Skógræktarfélags Íslands 2000 1. tbl., eru tvær greinar sem tengjast efni ráðstefnunnar: *Víðiklónar til skjóls í útjaðri byggðar á höfuðborgarsvæðinu*, eftir Auði I. Ottesen, Margréti Hálfðánardóttur og Aðalstein Sigurgeirsson og greinin: *Samanburður á klónum víðitegunda og undirbúningi jarðvegs við ræktun skjólbelta á Suðurlandi* eftir Aðalstein Sigurgeirsson. Í næstu Laufblöðum og Skógræktarritum eru væntanlegar fleiri greinar tengdar þessu efni.

Ný
glæsileg
bók

Árni Pjetur Guðmundsson • Auður Wulfsdóttir • Erla Björg Einarsson

Garðurinn

Hugmyndir að skipulagi og efnisvali

340 litmyndir
80 skýringamyndir
fjöldi garðteikninga

Bókin um garðinn

Fyrsta íslenska bókin sem fjallar einkum um hönnun garðsins, fjölbreytni í skipulagi og efnisvali. Vegleg bók, 208 síður.

Sendum hvert sem er gegn póstkröfu

Garðyrkjufélag Íslands

Frakkastígur 9, 101 Reykjavík, sími og fax 552 7721



Brunninn skógur í Borgarfirði. Mynd JGP



Brunninn skógur á Skógarströnd. Mynd JGP

SINUELDAR NÚ ER MÁL AÐ LINNI

Núna í vor bar óvenjulega mikið á sinubrunum. Verulegir þurrkar voru í apríl og maí, sérstaklega sunnan lands og vestan. Núna í vor urðu töluverðar skemmdir á trjágróðri í sinueldum, og brunnu skóglendi til dæmis í Hafnarfirði og Skorradal. Sinubrunar eru sérstakt áhyggjuefni fyrir skógræktarfólk. Ekki þarf mikið til að áratuga starf hverfi á órskammri stund í eldi.

Til eru lög um sinubruna (nr. 1992/61) og einnig liggur fyrir reglugerð (nr. 157/1993) sem kveður á um hvernig skuli bera sig að ef einhver hyggst kveikja í sinu. Í lögunum segir meðal annars: „1. gr. Óheimilt er að brenna sinu nema á jörðum sem eru í ábúð eða nýttar af ábúendum lögbýla og þá með leyfi sýslumanns og fylgt sé ákvæðum í reglugerð sbr. gr. 4.“ og í annarri grein: „Aldrei má brenna sinu þar sem almannahætta stafar af

eða tjón getur hlotist af á náttúruminum, fuglalífi, mosa, lyng- eða trjágróðri og mannvirkjum.“

Reglugerðin sem lögin vísa til er síðan afar afdráttarlaus varðandi það að koma í veg fyrir tjón af sinubrunum. Þar segir meðal annars: 4. gr. Sýslumaður getur veitt ábúendum lögbýla leyfi til að brenna sinu að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum: 1. Takmörk þess svæðis sem fyrirhugað er að brenna sinu skulu vera vel skilgreind. 2. Innan 200 m fjarlægðar frá mörkum svæðisins skulu ekki vera mannvirki, náttúruminjar, mosi, lyng, trjágróður eða ræktun sem eldur getur spilt eða grandað. 3. (um fuglalíf). 4. Jarðvegur og gróðursvörður skal ekki vera svo þurr að hætta sé á að eldur valdi tjóni.

5. gr. Umsókn með leyfi til sinubrennu skal fylgja vottun viðkomandi héraðsráðunautar, náttúruverndarnefndar eða gróðurverndarnefndar um að skilyrðum 1. og 2. töluliðar 4. gr. sé fullnægt.

6. gr. Um framkvæmd sinubrennu: Leyfishafi skal kynna viðkomandi slökkvistjóra með a.m.k. 6 tíma fyrirvara í hvert skipti sem hann hyggst brenna sinu á því svæði sem hann hefur leyfi til. Á sama hátt skal hann kynna nágrönnum og eigendum eða umsjónarmönnum mannvirkja og lands sem liggja í innan við 1000 m fjarlægð frá mörkum þess svæðis sem brenna skal um fyrirhugaða brennu með sama fyrirvara.

Ljóst er því að rammi laga og reglugerða er býsna afdráttarlaus í þá veru að hindra að eldur berist í skógræktarsvæði. Brýnt er því að þessum lögum sé framfylgt og þannig reynt að koma í veg fyrir að meiri skaði verði af völdum sinubruna en orðinn er.



SKÓGRÆKTARFÉLAG REYKJAVÍKUR

- ungt félag með áratuga reynslu
- vinnur að trjárækt og skógrækt í Reykjavík og víðar
- starfar með sveitarfélögum, einstaklingum og félagasamtökum

Skógræktarfélag Reykjavíkur
Fossvogsblettur 1 • 108 Reykjavík



LANDSLAG
LANDSLAGSARKITEKTARFÉLAG

ÍSÓL



ENDURVINNSLAN HF
Sími 588 8522

ARK

ÍS ehf

STYRKIR TIL RÆKTUNAR SKÓGA

Hingað til Skógræktarfélags Íslands berast fjölmargar fyrirspurnir um möguleika á styrkjum til skógræktar. Nokkrir aðilar veita styrki til ræktunar nýrra skóga. Tók Laufflaðið því saman yfirlit yfir þessa aðila.

Landshlutabundin skógræktarverkefni

Eigendur/umráðamenn lögbýla geta fengið stuðning frá hinu opinbera til skógræktar á jörðum sínum. Þessari ræktun er stýrt af sérstöðum verkefnisstjórnnum í viðkomandi landshluta og á að snúa sér til viðkomandi aðila.

- **Vesturlandsskógar**, - s: 437 0000
Landeigendur á Vesturlandi
- **Skjólsskógar á Vestfjörðum**, - s: 456 8201
Landeigendur á Vestfjörðum
- **Norðurlandsskógar**, - s: 462 4477
Landeigendur á Norðurlandi
- **Héraðsskógar**, - s: 471 2184
Landeigendur á Héraði

- **Suðurlandsskógar**, s: 482 4011
Landeigendur á Suðurlandi

Skógræktarfélag Íslands, s: 551-8150

Á vegum Skógræktarfélags Íslands eru tvö verkefni, sem veita styrki til ræktunar nýrra skóga.

- **Landgræðsluskógar**. Uppgræðslu- og skógræktarverkefni, sem veitir stuðning til samningsbundinna svæða víða um land skv. ákveðnum reglum.
- **Yrkjúsjóður**. Sjóðurinn styrkir grunn-skólana í landinu með trjáplöntum.

Skógrækt ríkisins, s: 471-2100

Á vegum Skógræktar ríkisins eru tvö verkefni sem veita styrki til ræktunar.

- **Nytjaskógrækt á bújörðum** á Austurlandi utan Héraðs:
- **Viðbótarskógar**. Verkefnið styrkir skógræktaraðila með plöntum. Skilyrði að

viðkomandi hafi keypt/framleitt plöntur og fást þá jafnmargar í styrk.

Ýmsir styrkir

- **Umhverfissjóður verslunarinnar**, s: 581 4120/ www.umhverfi.is
Umhverfissjóður verslunarinnar (Poka-sjóðurinn), veitir árlega ýmsa styrki til umhverfismála, m.a. til skógræktar hjá félögum og einstaklingum.
- **Skógarsjóðurinn** s: 581 1770
Skógarsjóðurinn hefur veitt ýmsa styrki til skógræktar, bæði til einstaklinga og félagasamtaka.
- **Einstök skógræktarfélög**
Einstök skógræktarfélög styrkja oft einstaklinga/samtök til skógræktar á sínum starfssvæðum. Hafið samband við viðkomandi formann eða Skógræktarfélag Íslands.

Til liðs við náttúruna

með vörur frá Sæplast





Rotbrær



Vatnstankar



Brunnar



Framlengingar



Sandföng

sæplast

Pósthólf 50, 620 Dalvík, Sími 460 5000, Fax 460 5001,
Netfang saeplast@saeplast.is, Heimasíða www.saeplast.is

SÍMINN 2233 OG VÁKUNN 223

Póllandsforseti gróðursetur í Vinaskógi



Þann 12. maí sl. gróðursettu forseti Íslands Herra Ólafur Ragnar Grímsson og forseti Póllands Herra Aleksander Kwasniewski ásamt eiginkonu sinni Jolöntu Kwasniewsku birkitré í Vinaskógi. Í Vinaskóginn hafa alls 18 þjóðhöfðingjar gróðursett trjáplöntur en gróðursetning til Vinaskógar hófst árið 1990. Trjágróður hefur dafnað vel á þessum 10 árum og fer skógurinn brátt að bera nafn með rentu. Forseti Póllands kunni greinilega mæta vel til verka og hafði á orði að gróðursetning svo snemma vors hlyti (snjóa hafði nýlega leyst í Vinaskógi)

að vera hagstæð trjáplöntum. Formaður Skóg-ræktarfélags Íslands, Magnús Jóhannesson, flutti stutt ávarp og rakti tilurð Vinaskógar og lagði m.a. áherslu á að athöfnin sem þarna væri viðhöfð væri tákni um vináttu tveggja þjóða. Skógræktarfélagi væri það mikill heiður að taka á móti þjóðhöfðingjum og fá tækifæri til þess að kynna fyrir þeim hvernig staðið er að ræktun hér á landi og baráttuna fyrir endurheimt skóga í landinu sem reyndar er einnig alþjóðlegt vandamál og hefði mikla þýðingu fyrir velferð allra jarðarbúa.

Almenna Málflutningsstofan hf

Almiðlun ehf

Ásgeir Sigurðsson ehf

Bífreiðaverkstæðið Lyngás

Bílaleiga AKA

Bílastjarnan sf

Bílaverkstæði Guðjóns

Bjarmar ehf vélaleiga

Björn og Guðni hf

Björn Traustason ehf

Byggingavörur

Blikksmiðja Einars ehf

Borgarbyggð

Bókasafn Héraðsbúa

Bókhalds- og tölvupjónustan sf

Búnaðarfélag Grafningshrepps

Búnaðarfélag Grímsneshrepps

Búnaðarsamband A-Húnavatnssýslu

Búnaðarsamband Suðurlands

Búvangur ehf Brúarlandi

Byggðasafnið Skógum

Byggt og flutt

Daltré hf

Eldhestar ehf

Fasteignamiðlunin Berg

Fasteignasalan Ásberg

Faxavélar hf

Ferðapjónusta bænda Geirlandi

Ferðapjónusta bænda Haga

Ferðapjónusta bænda Narfastöðum

Félagsmálaráðuneytið

Fjallalamb hf

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Framköllunarþjónustan ehf

G H verkstæðið

Gagnaeyðing hf

Garðyrkja ehf

Gámabjónusta Sorphirðunnar

Geiri Péturs ehf

Glæsibæjarhreppur

Grafarvogs apótek

Gullkistan

Gunnar Hallgrímsson

Hagur hf

Haraldur Böðvarsson hf

Hekluhestar

Héraðsskjalasafn Austfirðinga

Hitaveita Egilsstaða og Fellahreps

Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar

Hólaskóli Hólum í Hjaltadal

Hótel Borgarnes

Hótel Geysir hf

Hótel Laugarhóll

Hreinsunardeild Reykjavíkurborgar

Humarhúsið

Húsavíkurkaupstaður

Höfðahreppur

Innri-Akraneishreppur

Hóperðabifreiðar 8-70 sæta



Teitur Jónasson ehf
Sími: 564 2030



Keflavíkurverktakar hf



Ako Plastos



HÉRAÐSSKÓGAR

Vinningshafi er Steinunn Eyjólfsdóttir Selfossi í 800 Selfoss. Á hún von á Skógræktarbókinni og Vorhug í pósti.

Lausnir sendist til Skógræktarfélags Íslands c/o krossgátan Ránargata 18, 101 Reykjavík. 5 vegleg verðlaun veitt.



Skipulagsstofnun

**Guðmundur
Jónasson hf**
Borgartúni 34



www.reykir.is



SÖRPFSTÖÐ
SÜÐURLANDS



Shell



REYKJAVÍKURBORG



		Bragð- góður sveppur	Óttast	Páki Viðir n/ gljáandi hlöð	Góð Kvikum	Samhlj.	
	1						Þinn cennha + Geymir fræ
	Óþekkur					Fræði Eins	
Álitlegt jólanté + Gútt	Fyrstur + Rættu mikið sitkagreni	Fjöldi Guð	Samhlj.	Stórri Lerkúrin			
Pungi		8	Ulmus				
Jóð + Flugfélag			Fimm Rífast		Tala Planta	Ísl staf. Hlass	
Keyr		Síðsam- bund Flokkar Samhljóð			Veini		
Íslenskur viðir Fylgt					Byl		4
	2	Tor- tryggir + Uppfr.	6		Ólgu Eins		
Samtök	3	Garð Nangja- tarna telin				Ísl. staf. Let	
Trappa			Með rauðum berjum	Planta + Guð Fara á bóla.....			
Einn	Trjábolur Taxus		7		Quercus		
Yngri + Hasars				9	Eins Íðu + Gai		
Útfjóla- blátt + Einn Gyðja + Ess		Eins + skolla De				Flan	5
Ólgu			Andst. við út	Borða Lærdóm		Bíll Slá + Einn	
Mun		Síðasti	Takast Samhlj.	Einn	Núll + Fisk Samhl.		
Fugl + Runni							
1	2	3	4	5	6	7	8
9							

SKIPTIFERÐ NORSKA OG ÍSLENSKA SKÓGRÆKTARFÉLAGSINS


Dagana 25. júní til 3. júlí dvaldi norskt skógræktarfolk hér á landi og vann við gróðursetningu, grisjun og stígagerð. Á sama tíma lagðist hópur vaskra Íslendinga, á öllum aldri, í viking til Norður-Noregs í sömu erindagjörðum. Tæplega 60 Norðmenn nutu gestrisni 6 skógræktarféлага; þ.e. Skógræktarfélags Árnesinga, Borgfirðinga, Kópavogs, N-Þingeyinga, Rangæinga og Skagfirðinga. Farið var í skoðunarferðir út frá þessum stöðum og margt gert til skemmtunar seinni part dags og fram á nótt. Árrisulir sáu þó Norðmennina taka vasklega til hendinni enda sjást þess merki

í skógarreitum þessara félaga, því þar voru þaulvanir skógarmenn og konur á ferð. Megináhersla var lögð á lagningu göngustíga og grisjun. Er það samhljóða álit gestgjafa og gesta að dvölin hér hafi verið bæði gagnleg og ánægjuleg og höfðu sumir Norðmenn á orði að loks væri sumarið komið, enda verið vætusamt í Noregi það sem af er sumri. Þá fannst þeim það tímanna tákn að nú væru fjölþættari verkefni en gróðursetning efst á baugi í skógum skógræktarfélaganna.

Nánar verður sagt frá för íslenska skógræktarfolksins í austurveg síðar, en þeir sem

Laufblöðungur hefur tal-
að við eru í sjöunda
himni yfir móttökum hjá
„Salten Skogselskap“
og geta því gert orð
Þormóðar Kolbrúnar-
skálds að sínum er hann
mælti á Stiklastöðum
forðum „Vel hefir kon-
ungurinn alið oss, hvítt er
þessum karli um
hjartarætur.“

Einar Gunnarsson
skógtæknifræðingur,
Skógræktarfélagi Íslands



Norðmenn skildu eftir sig nýjar skógar-
gönguleiðir auk þess sem þeir smíðuðu
bekki og skilti úr bolviði sem til fellt í skógin-
um. Sú skógarmenning sem þeir færa með
sér á efalaust eftir að festa rætur í skógum
skógræktarfélaganna og víðar.
Hér virðir Markús Runólfsson, formaður
Skógræktarfélags Rangæinga, og einn af
gestgjöfunum, fyrir sér árangurinn í skógin-
um að Skógum undir Eyjafjöllum, sem
skógræktarfélagið hefur nú umsjón með.
Mynd: EG



Hópur Norðmanna skóðar Grasagardinn í Laugardal undir
leiðsögn Evu Þorvaldsdóttur, forstöðumanns garðsins.
Mynd: Eva Þorvaldsdóttir.


SKJÓLSKÓGAR Á VESTFJÖRÐUM HEFJAST HANDA

Skjólsskógar á Vestfjörðum hafa fengið skrifstofuaðstöðu í Aðalstræti 26 á Þingeyri.

Búið er að ráða framkvæmdastjóra „undirrit-
aðan“ og skógræðing Arnlíni Óladóttur í 2/3
starf við verkefnið. Fulltrúi skógræktarfé-
laganna á Vestfjörðum í stjórn verkefnisins er
Eiður Thoroddsen, umdæmisstjóri á Patreks-
firði, en aðrir í stjórn eru: Einar Oddur Krist-
jánsson (formaður), Aðalsteinn Sigurgeirsson
á Mógilsá og Sighvatur Þórarinnsson, bóndi á
Höfða í Dýrafirði. Fyrsta kynning í umdæminu
(sem er gamla Vestfjarðakjördæmið) er af-
staðin og eru viðtökur framar vonum en nú
þegar hafa forráðamenn 70 lögbýla sótt um
þátttöku.

Aðstaða Skjólsskóga er í gamla sjúkraskýlinu
og við austurenda hússins standa nokkur
glæsileg sitkagrenitré frá því um 1950. Hæsta
tréð í röðinni mælist vera 12,4 m hátt. Þetta er
með hæstu trjáum á Vestfjörðum en það hæsta
gæti verið sitkagreni í Barmahlíð í
Reykholasveit en það mældist 14,2 m. Ekki veit
ég enn hve gamalt það er en sjálfsagt frá síðari
hluta fimmta tugarins. Starfsmenn verkefnisins
gera ráð fyrir að hæðarmæla álitleg tré vítt og
breitt um Vestfirði í sumar.

Sæmundur Þorvaldsson, framkvæmdastjóri
Skjólsskóga og formaður Skógræktarfélags Dýrafjarðar.



Skrifstofa Skjólsskóga er við þessi
glæsilegu sitkagrenitré á Þingeyri.

Jarðefnaiðnaður hf
 Johan Rönning hf
 Jóhanna Sigurðardóttir
 Jónsbúð
 Kartöflusalan Svalbarðseyri hf
 Kaupfélag Skagfirðinga
 Kaupfélag Vestur-Húnavetninga
 Kaupfélag Vopnfirðinga
 Kirkjubæjarskóli
 Kjörgarður Laugavegi 59
 Knarrareyri hf
 Krappi hf
 Landslög ehf
 Langanes hf
 Langholtsskóli
 Lindin, kristið útvarp Fm: 102,9
 Ljósgrjafinn hf
 Lögræðistofa Vesturlands
 Meistarafélag húsasmiða í Reykjavík
 Merking ehf skiltagerð
 Námsflokkar Reykjavíkur
 Olíufélagið hf Esso
 PriceWaterhouseCoopers ehf
 Rafiðn
 Rafmagnsverkstæðið Neistinn
 Raftákn hf
 Raftækning hf
 Rakarastofan Neðstutrud 8
 Reykjabúið hf
 Sementsverksmiðjan hf
 Siglufjarðarkaupstaður
 Silfurstjarnan hf
 Sjafnarblóm
 Skaftárhreppur
 Skjanni hf
 Skógræktarfélag Patreksfjarðar
 Smith og Norland hf
 Sóldekk ehf
 Sparisjóður Bolungarvíkur
 Sprettur ehf
 Starfsmannafélag Ísal
 Straumrás hf
 Strengur hf
 TF búðin
 Tannlæknastofa Einars Magnússon
 Tálknafjarðarhreppur
 Teiknistofa Ingimundar Sveinssonar
 Tónspil
 Trésmiðjan Akur ehf
 Trésmiðjan Borg hf
 Trésmiðjan Eik hf
 Tölvuverk hf
 Útgerðafélagið Tálkni
 VOD Mæla & Barkaviðgerðir
 Verkalyðsfélag Rangæinga
 Verkfræðistofa Jóns B Hafsteins
 Verkfræðipjónusta Akraness ehf

Verslunin H Sel
 Vestmannaeyjabær
 Véla & bílaþjónusta Kristjáns
 Vélaverkstæði Hjartar Eiríksson
 Vélaverkstæði Sigurðar Sigurðssonar
 Vélsmiðja Hauks Kjartanssonar

Vélstjórafélag Íslands
 Vistheimilið Gunnarsholti
 Þorsteinn Sveinsson
 Þrastarhóll ehf
 Ökuskóli S.G. sf
 Ölur - Skógræktarstöð


V A R I S T

meðferð elds í skóglendi á vorin.

Brunamálastofnun Ríkisins



Garðplöntustöðin
NÁTTHAGI
 við veg nr. 374 HVAMMUR
Tré, runnar, sumarblóm, fjölær blóm.
 Sími 483 4840 Fax 483 4802
Velkomin í sveitasælustöðina



www.spkef.is

SpKef
 Sparisjóðurinn í Kellavík

**Aihliða
 fjármálaþjónusta
 fyrir þig og þína**

Tjarnargata 12 230 Kellavík Sími 421 6600 Fax 421 5899	Grandavegur 21 260 Njarðvík Sími 421 6680 Fax 421 5833	Sunnubraut 4 230 Gæði Sími 422 7800 Fax 422 7710	Víkurbraut 82 240 Grindavík Sími 426 9000 Fax 426 8811
---	---	---	---

„Embla“

er kynbætt birki. Afrakstur kynbótasamstarfs Markar, Gróðurbótafélagsins og Þorsteins Tómassonar forstjóra Rala. Öll ágræðsla móðurefnis og framleiðsla Emblu-fræja fer fram í Mörk.

Allt birki sem selt er í Gróðrarstöðinni Mörk er „Embla“. Til í öllum stærðum frá skógarplöntum og uppúr.



Kostir „Emblu“

„Embla“ hefur þá ríkjandi eiginleika að vera beinstofna tré með einni leiðandi ljósan stofn. Hraðvaxta og harðgert.

Þar sem tréin eru ræktuð

Yfir 30 ára reynsla

Hjá okkur færðu faglega ráðgjöf.



GRÓÐRARSTÖÐIN
Mörk

STJÓRNUGRÖF 18, SÍMI 581 4288, FAX 581 2228

Sækið sumarið til okkar

www.mork.is

Hönnun: Guðlaug



LANDVERND

Frá 15. ágúst 2000 verður skrifstofa Landverndar staðsett í Ránargötu 18 í Reykjavík - í húsnæði Skógræktarfélags Íslands

Sími 552 52 42 netfang: landvernd@landvernd.is vefang www.landvernd.is

Maðurinn er stakur þráður í lífsins vef en ekki vefari hans. Skaði maðurinn vefinn skaðar hann einnig að lokum sjálfan sig. Stöndum vörð um sjálfbæra nýtingu landsins gæða. Verndum viðkvæmt lífríki og einstaka náttúru.

Véla

Stálsmiðjan ehf

FOSSHÓTEL

Afhreying þín - okkar árangur

FASTEIGNAÞJÓNUSTAN

LANDSVIRKJUN

ÞÍN VERSLUN

GRASEFNAVÖRUR

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS
ÖRYGGISMISTÖÐ ÍSLANDS

Gerðu garðinn þinn enn fallegri

Fjölbreytt úrval af fallegum:

- Sumarblómum
- Fjölærum plöntum
- Skrautrunnum og trjám
- Garðrósum

NÝR PLÖNTULISTI

Verið velkomin

GRÓÐRARSTÖÐIN
GRÆNAHLÍÐ

Furugerði 23, Reykjavík
sími 553 4122, fax 568 6691

Opíð:
mánud. til laugard. 9 - 20
sunnudaga 10 - 19

GRÓÐRARSTÖÐIN
STÖRÐ

Dahegi 30 - Kópavogur
sími 564 4383 - fax 568 6691

Opíð:
mánud. til laugard. 9 - 20
sunnudaga 10 - 19

METPOST

UNDIRSTAÐAN
skiptir máli fyrir



- sólpallinn
- skjólvegginn
- girðinguna



Stólpi í steypu

Stólpi í steypu

Stólpi í jarðveg



Stólpi til að bolta niður



EINFALT • FLJÓTLEGT • ÖRUGGT

Skógrækt er landbúnaður

Landbúnaðarráðuneytið er fagráðuneyti skógræktar.



Meginhlutverk Landbúnaðarráðuneytisins er að stuðla að þróttmiklum og sjálfbærum landbúnaði og öflugri matvælaframleiðslu til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur.



Viðamikil skógræktarverkefni eru skipulögð í öllum landshlutum. Markmið þeirra er meðal annars að klæða landið skógi, framleiða timbur og skapa atvinnu.




Í landinu er stunduð margskonar skógrækt af bændum, áhugamannafélögum, fyrirtækjum og einstaklingum.

Landbúnaðarráðuneytið stuðlar að framgangi þeirra verkefna auk þess sem það vinnur að vernd gróðurhulunnar og uppgræðslu foksvæða.



Skógurinn er auðlind sem mun kalla á ný störf á landsbyggðinni og stuðla að fegurri sveitum.

Landbúnaðarráðuneytið



NÝ NISSAN ALMERA

Luxury



**Ingvar
Helgason**
Sævarhöfða 2
Sími 525 8000
www.ih.is